



Ályktanir haustþings SSNE 2026

Norðurland eystra hefur allar forsendur til að gegna lykilhlutverki í næsta vaxtarskeiði íslensks atvinnulífs. Haustþing SSNE 2026, haldið á Dalvík, áréttar að markviss uppbygging landshlutans er ekki aðeins byggðamál heldur þjóðhagslegt hagsmunamál. Með öflugri svæðisborg á Akureyri, sterkum þjónustu- og atvinnukjörnum í öðrum sveitarfélögum og lífvænlegum dreifðum byggðum getur Norðurland eystra þróast áfram sem sjálfstætt, fjölbreytt og samkeppnishæft efnahagssvæði á landsvísu.

Landshlutinn býr yfir miklum tækifærum til vaxtar á sviði matvælaframleiðslu, nýsköpunar, ferðaþjónustu, orkuskipta, menntunar, rannsókna, heilbrigðisþjónustu og þekkingarstarfa. Til að þau tækifæri nýtist þarf að tryggja að lykilinnviðir – þar á meðal millilandaflug, innanlandsflug, almenningssamgöngur, orkuöryggi, fjarskipti, menntastofnanir og heilbrigðisþjónusta – styðji við fjárfestingar, verðmætasköpun og búsetugæði í landshlutanum öllum.

Haustþing SSNE 2026 leggur áherslu á að kraftur, uppbygging og fjárfestingar á Norðurlandi eystra þurfa að byggja á styrkleikum allra sveitarfélaga landshlutans. Akureyri sem öflug svæðisborg, sterkir þjónustu- og atvinnukjarnar í öðrum sveitarfélögum og lífvænlegar dreifðar byggðir eru ekki andstæð markmið heldur forsenda heildstæðrar og sjálfbærrar byggðaðróunar.

Þingið hvetur stjórnvöld til að líta á uppbyggingu Norðurlands eystra sem hluta af langtímastefnu um fjölbreyttara, sterkara og viðnámsþolnara Ísland. Með því að styðja við sjálfstæða efnahagsuppbyggingu á Norðurlandi eystra má skapa raunverulegt mótvægi við samþjöppun á suðvesturhorninu, fjölga fjölbreyttum störfum, efla þjónustu og skapa forsendur fyrir frekari fjárfestingum í atvinnulífi og innviðum. Sérstaklega verði tryggt að stefnumótun og fjárfestingar ríkisins taki mið af þörfum minni sveitarfélaga, fjarlægðum, árstíðabundnum áskorunum og mikilvægi þess að fólk geti búið, starfað og sótt þjónustu í nærumhverfi sínu.

1. Akureyrarflugvöllur og öryggisinnviðir á Norðurlandi

Haustþing SSNE 2026 leggur áherslu á mikilvægi Akureyrarflugvallar sem lykilinnviðar fyrir samgöngur, atvinnulíf, ferðaþjónustu, heilbrigðisþjónustu, almannavarnir og þjóðaröryggi. Flugvöllurinn er hluti af þjóðhagslega mikilvægum svæðisbundnum innviðum sem styrkja ekki aðeins Norðurland eystra heldur viðnámsþrótt, öryggi og samkeppnishæfni Íslands alls. Mikilvægi þess að halda áfram uppbyggingu flugvallarins er því óumdeild og skiptir þar sérstaklega máli að flýta uppbyggingu nýrra aðflugsljósa og bætingu aðflugsferla.

Þingið telur brýnt að áfram verði unnið markvisst að uppbyggingu millilandaflugs um Akureyrarflugvöll og að flugvöllurinn verði efldur sem þjónustu- og öryggismiðstöð fyrir landið allt. Jafnframt styður þingið uppbyggingu á starfsemi Landhelgisgæslunnar á Akureyrarflugvelli, þar á meðal þyrluviðbúnaðar, sem styrkir verulega öryggi íbúa, sjófarenda og ferðamanna á stórum hluta landsins.

2. Málþing um innviði og öryggismál

Haustþing SSNE 2026 felur stjórn SSNE að undirbúa málþing um innviði og öryggismál á Norðurlandi eystra. Markmið málþingsins verði að leiða saman sveitarfélög, stjórnvöld, stofnanir og þingnefndir til samtals um stöðu, forgangsörðun og framtíðaruppbyggingu innviða í landshlutanum, auk þess að skerpa á hlutverki sveitarfélaga í neyðarástandi og viðbragði við samfélagslegum áföllum.

Málþingið verði tvískipt. Í fyrri hluta verði fjallað um uppbyggingu samgöngu-, flug- og annarra grunninnviða á Norðurlandi eystra, meðal annars með þátttöku fulltrúa Vegagerðarinnar, ISAVIA, Fjarskiptastofa, Landsnets og innviðaráðuneytisins. Í síðari hluta verði fjallað um öryggismál, almannavarnir, neyðarviðbúnað og samspil ríkis og sveitarfélaga í neyðarástandi, með þátttöku viðeigandi ráðuneyti, lögreglunnar á Norðurlandi eystra, ríkislögreglustjóra og þjóðaröryggisráðs. Þingnefndum Alþingis sem fara með málefni innviða, samgangna, öryggismála og sveitarfélaga verði jafnframt boðið til þátttöku.

Málþingið verði haldið á Norðurlandi eystra í byrjun árs 2027. Stjórn SSNE skal móta dagskrá, kalla eftir þátttöku viðeigandi aðila og tryggja að niðurstöður málþingsins nýtist sem grunnur að áframhaldandi samtali við stjórnvöld um fjárfestingar,

ábyrgðarskiptingu og viðbúnað í landshlutanum. Í kjölfar málþingsins verði formlega sett af stað endurskoðun Samgöngu- og innviðastefnu Norðurlands eystra sem samþykkt var 2023.

3. Orkuöryggi sem forsenda atvinnuuppbyggingar

Haustþing SSNE 2026 leggur áherslu á að öruggt aðgengi að raforku sé ein mikilvægasta forsenda atvinnuuppbyggingar, nýsköpunar og orkuskipta á Norðurlandi eystra.

Þingið hvetur stjórnvöld, Landsnet og dreifiveitur til að hraða uppbyggingu flutnings- og dreifikerfa raforku enn frekar, styrkja afhendingaröryggi og tryggja að áform um atvinnuuppbyggingu á svæðinu verði ekki takmörkuð vegna skorts á orku eða ófullnægjandi innviðum.

4. Fjarskipti og stafrænir grunninnviðir

Haustþing SSNE 2026 leggur áherslu á að örugg og öflug fjarskipti séu grunnforsenda búsetu, atvinnuuppbyggingar, ferðaþjónustu, almannavarna og öryggis á Norðurlandi eystra. Gott farsímasamband og traustir stafrænir innviðir eru ekki aðeins þægindamál heldur forsenda þess að íbúar, fyrirtæki, viðbragðsaðilar og ferðafólk geti treyst á samskipti og þjónustu óháð staðsetningu.

Þingið lýsir sérstökum áhyggjum af versnandi farsímasambandi á tilteknum svæðum eftir lokun 2G og 3G kerfanna. Sú breyting hefur þegar haft neikvæð áhrif og leitt til lakara sambands í dreifðari byggðum, á þjóðvegum, á hálendi, við ferðamannastaði, í höfnum og á öðrum svæðum þar sem fjarskipti skipta máli fyrir öryggi, þjónustu og atvinnustarfsemi. Tryggja þarf að uppbygging nýrri kerfa bæti úr þeirri stöðu og veiti sambærilega eða betri þjónustu en eldri kerfin gerðu, sérstaklega á svæðum þar sem markaðslegar forsendur einar og sér duga ekki til uppbyggingar.

Haustþing SSNE 2026 skorar á stjórnvöld, Fjarskiptastofu og fjarskiptafyrirtæki að bregðast við þeirri stöðu sem þegar er komin upp og setja fram skýra áætlun um úrbætur á fjarskiptasambandi á landsbyggðinni í kjölfar lokunar eldri kerfa. Í slíkri áætlun verði tekið mið af byggðasjónarmiðum, öryggi íbúa og ferðafólks, þjónustu við atvinnulíf og hlutverki fjarskipta í almannavörnum. Markmiðið verði að tæknileg framþróun styrki fjarskipti í öllum landshlutum en verði ekki til þess að aðgengi að sambandi versni utan stærstu þéttbýlissvæða.

5. Áframhaldandi uppbygging og efling ferðapjónustu

Haustþing SSNE 2026 leggur áherslu á að ferðapjónusta á Norðurlandi eystra hefur mikla þýðingu fyrir atvinnuuppbyggingu, fjölbreytni starfa og nýtingu innviða í landshlutanum allt árið um kring. Þingið hvetur stjórnvöld til að styðja enn markvissar við uppbyggingu ferðapjónustu utan höfuðborgarsvæðisins, þar á meðal með áframhaldandi 100 milljóna króna viðbótarframlagi til Flugþróunarsjóðs.

Flugþróunarsjóður hefur mikilvægu hlutverki að gegna við að byggja upp nýjar beinar flugtengingar, dreifa álagi og tækifærum ferðapjónustunnar betur um landið og styrkja forsendur heilsársferðapjónustu á norðurhluta landsins og langt út fyrir það. Norðurland er í hraðri uppbyggingu og reynslan sýnir að auknar flugtengingar hafa verið mikilvæg innspýting í atvinnulíf og ferðapjónustu svæðisins.

Fjárfesting í flugi skilar sér margfalt til samfélagsins með auknum umsvifum, betri nýtingu innviða, fjölbreyttari störfum og sterkari samkeppnisstöðu áfangastaðarins. Minni stuðningur við uppbyggingu flugtenginga myndi tefla þessari þróun í hættu. Slíkur stuðningur er eðlilegur og nauðsynlegur liður í að jafna samkeppnisstöðu landshluta, ekki síst þegar horft er til þess mikla opinbera stuðnings og umfangsmiklu fjárfestinga sem tengjast alþjóðlegu flugi um Keflavíkurflugvöll.

Þingið bendir á að staða ferðapjónustu er mjög ólík milli landshluta. Því þarf að fara varlega í ákvarðanir um auknar álögur á greinina, svo sem hækkun virðisaukaskatts á böð og aðra þjónustu sem hefur sérstakt vægi fyrir ferðapjónustu á landsbyggðinni. Ákvarðanir sem kunna að vera réttlætanlegar út frá sterkari stöðu ferðapjónustu á suðvesturhorni landsins geta haft verulegan fórnarkostnað fyrir uppbyggingu, heilsársstarfsemi og störf í öðrum landshlutum.

Haustþing SSNE 2026 skorar á stjórnvöld til að beita byggðalinsu við mat á slíkum skattalegum breytingum og öðrum ákvörðunum. Jafnframt þarf að tryggja meiri fyrirsjáanleika í ákvörðunum ríkisins sem hafa áhrif á kostnað, fjárfestingar, samgönguforsendur og samkeppnisstöðu ferðapjónustu í landshlutanum. Fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi og traustar samgöngur eru forsenda þess að fyrirtæki í ferðapjónustu geti ráðist í langtímafjárfestingar, byggt upp heilsársstarfsemi og skapað fjölbreytt störf í landshlutanum.

Óvissa um gjaldtöku, flugtengingar og aðrar samgönguforsendur dregur úr fjárfestingarvilja og tafið uppbyggingu á svæðum þar sem ferðaþjónusta er enn í þróun. Breytingar á borð við innviðagjald á skemmtiferðaskip geta haft veruleg áhrif á hafnir, þjónustufyrirtæki og áfangastaði utan stærstu ferðamannasvæðanna og þurfa því að byggja á skýru mati á svæðisbundnum áhrifum áður en þær eru innleiddar. Markmiðið verði að tryggja að opinber stefnumótun styðji við sjálfbæra uppbyggingu ferðaþjónustu í öllum

landshlutum, en leiði ekki til þess að vaxtartækifæri og störf á landsbyggðinni veikist vegna aðgerða sem fyrst og fremst taka mið af aðstæðum á stærstu og sterkustu ferðamannasvæðum landsins.

6. Menntun og aðgengi að hæfni

Haustþing SSNE 2026 telur að aðgengi að menntun, starfsþróun og símenntun sé eitt mikilvægasta samkeppnismál landsbyggðarinnar. Aðgengi íbúa og atvinnulífs að rétttri hæfni ræður miklu um möguleika svæða til að laða að fólk, efla nýsköpun og mæta breytingum á vinnumarkaði.

Þingið hvetur stjórnvöld til að efla fjölbreyttar námsleiðir og samstarf menntastofnana, sveitarfélaga og atvinnulífs um þróun þeirrar hæfni sem atvinnulíf framtíðarinnar kallar eftir. Sérstaklega verði horft til hlutverks framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva, Háskólans á Akureyri og annarra mennta- og þekkingarstofnana á Norðurlandi eystra í uppbyggingu þekkingarsamfélags á landsbyggðinni.

Haustþing SSNE 2026 leggur áherslu á mikilvægi öflugra framhaldsskóla í landshlutanum sem grunnstoða búsetu, jafnra tækifæra og atvinnuþróunar. Framhaldsskólar á Norðurlandi eystra gegna lykilhlutverki við að tryggja ungu fólki aðgengi að fjölbreyttu námi í nærumhverfi sínu, styrkja tengsl menntunar og atvinnulífs og skapa farveg inn í starfs-, verk- og tæknináms sem mætir þörfum samfélags og atvinnulífs á svæðinu. Efling þeirra er því mikilvæg forsenda þess að landshlutinn geti byggt upp, laðað að og haldið í þá hæfni sem þarf til framtíðar.

Þá ítrekar Haustþing SSNE 2026 ályktun sína frá ársþingi 2026 um mikilvægi Háskólans á Akureyri í byggðalegu samhengi. Háskólinn á Akureyri hefur í nær fjóra áratugi verið lykilþáttur í því að hækka menntunarstig á landsbyggðinni og hefur alla burði til að byggja upp þekkingarsamfélag sem styður við fjölbreyttara atvinnulíf á landsvísu. Mikilvægt er að stjórnvöld styðji skólann í þeirri vegferð.

Mennta- og þekkingarstofnanir á Norðurlandi eystra eru ekki aðeins mikilvægar landshlutanum heldur þjóðhagslega mikilvægir innviðir fyrir Ísland allt. Efling framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðva, Háskólans á Akureyri og annarra þekkingarstofnana mun styðja við þjónustu, nýsköpun, rannsóknir og mannauðsuppbyggingu í öllum sveitarfélögum landshlutans.

7. Sjúkrahús- og endurhæfingarpjónusta

Haustþing SSNE 2026 leggur áherslu á mikilvægi áframhaldandi uppbyggingar Sjúkrahússins á Akureyri sem svæðisbundins heilbrigðisinnviðar sem þjónar stórum hluta landsins, dregur úr álagi á Landspítala og styrkir öryggi og viðbragðsgetu heilbrigðiskerfisins í heild. Þingið hvetur stjórnvöld til að tryggja að uppbygging þjónustu, sérhæfingar, rannsókna og kennslu við sjúkrahúsið verði áfram forgangsmál í opinberri stefnumótun og fjárfestingum.

Sjúkrahúsið á Akureyri gegnir mikilvægu hlutverki í uppbyggingu heilbrigðisþjónustu, rannsókna og menntunar á Norðurlandi og er lykilvettvangur fyrir þjálfun, sérhæfingu og nýsköpun í heilbrigðisgreinum utan höfuðborgarsvæðisins. Öflug starfsemi við sjúkrahúsið styrkir aðgengi íbúa að þjónustu í nærumhverfi sínu, eykur möguleika á að laða að og halda í sérhæft starfsfólk og styður við þróun þekkingarstarfa í landshlutanum.

Þingið lýsir jafnframt þungum áhyggjum af aðgengi að endurhæfingarpjónustu á Norðurlandi sem uppi er vegna óvissu um framtíð þjónustu, húsnæðis og innviða á Kristnesi. Kristnes hefur um áratugaskeið gegnt mikilvægu hlutverki í heilbrigðis- og endurhæfingarpjónustu á Norðurlandi og því er brýnt að endurskipulagning eða breytingar á heilbrigðisþjónustu leiði ekki til þess að sérhæfð endurhæfingarpjónusta veikist eða leggist af í landshlutanum. Haustþing SSNE 2026 tekur undir áhyggjur sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar og skorar á ríkið að móta skýra framtíðarsýn um nýtingu, viðhald og uppbyggingu húsnæðis og innviða á Kristnesi sem styðji við áframhaldandi þjónustuuppbyggingu.

Þingið skorar á stjórnvöld að vinna í nánú samráði við Sjúkrahúsið á Akureyri, Eyjafjarðarsveit og aðra hagaðila að framtíðarfyrirkomulagi Kristness, þar sem horft verði til þess að tryggja áframhaldandi heilbrigðis- og endurhæfingarpjónustu, nýtingar húsnæðis, búsetu- og þjónustutækifæra og samfélagslegra áhrifa fyrir svæðið. Tryggja þarf að ákvarðanir um Kristnes byggji á heildstæðu mati á byggðalegu gildi staðarins, aðgengi íbúa Norðurlands að þjónustu og þeirri sérstöðu sem svæðið hefur í sögu og þróun endurhæfingarpjónustu á landsbyggðinni.

8. Jafnvægi í staðsetningu opinberra starfa

Haustþing SSNE 2026 telur mikilvægt að staðsetning opinberra starfa, stofnana og verkefna endurspegli markmið stjórnvalda um jafnvægi í byggðapróun. Opinber störf eru mikilvægur hluti af fjölbreyttu atvinnulífi og geta haft veruleg áhrif á búsetuskilyrði, þjónustustig og þekkingaruppbyggingu í landshlutunum.

Þingið hvetur stjórnvöld til að nýta betur þau tækifæri sem felast í stafrænni stjórnsýslu, fjarvinnu og dreifðri starfsemi til að efla opinbera þjónustu um allt land og styrkja atvinnu- og búsetuskilyrði utan höfuðborgarsvæðisins. Við mat á staðsetningu opinberra starfa og verkefna mætti jafnframt horfa til þess hvernig þau geta stutt við aðdráttarafl byggðakjarna, eflt staðaranda, menningu, samfélagsrými, skapandi greinar, íþróttir og lífsgæði. Slíkir þættir hafa veruleg áhrif á búsetuval fólks, getu samfélaga til að laða að fólk og fjárfestingar og samkeppnishæfni byggðarlaga til lengri tíma.

9. Farsæld barna óháð búsetu

Haustþing SSNE 2026 leggur áherslu á að börn og fjölskyldur um allt land njóti jafns aðgengis að þjónustu og raunhæfra tækifæra til þátttöku í íþrótt-, tómstunda- og frístundastarfi óháð búsetu. Áframhaldandi innleiðing farsældarlaganna þarf að taka mið af ólíkum aðstæðum sveitarfélaga, fjarlægðum, samgöngum, kostnaði fjölskyldna og aðgengi að sérfræðiþjónustu.

Þingið hvetur stjórnvöld til að tryggja að fjármögnun málaflokksins taki mið af raunverulegum kostnaði sveitarfélaga við samþættingu þjónustu, snemmtæk úrræði, aðgengi að sérfræðiþekkingu og stuðning við þátttöku barna í íþrótt-, tómstunda- og frístundastarfi. Sérstaklega verði horft til þess kostnaðar sem lendir á foreldrum vegna ferðalaga, þátttöku í mótum og aðgengis að skipulögðu starfi utan heimabyggðar.

Markmiðið verði að öll börn og fjölskyldur hafi raunhæfan aðgang að viðeigandi stuðningi og tækifærum til virkrar þátttöku, óháð búsetu.

10. Fyrirhuguð hækkun virðisaukaskatts á baðlón

Tillaga frá þingfulltrúum Norðurlands

Árสปing SSNE lýsir yfir þungum áhyggjum af fyrirhuguðum hækkunum virðisaukaskatts á baðlón og sambærilega baðstarfsemi. Slíkar breytingar geta haft veruleg áhrif á samkeppnishæfni, fjárfestingar og atvinnusköpun í ferðaþjónustu, ekki síst á landsbyggðinni.

Á Norðurlandi eystra hafa Earth Lagoon við Mývatn, GeoSea á Húsavík og Skógarböðin við Akureyri verið lykilverkefni í uppbyggingu heilsársferðaþjónustu. Fyrirtækin hafa skapað fjölda starfa, aukið verðmætasköpun og styrkt rekstrargrundvöll fjölmargra annarra fyrirtækja á svæðinu. Ekki síst hafa þau stuðlað að fjölgun og eflingu heilsársstarfa, sem eru ein mikilvægasta forsenda sjálfbærrar byggðaþróunar og búsetu á landsbyggðinni.

Árสปingið telur mikilvægt að skattlagning ferðaþjónustu taki mið af byggðasjónarmiðum og raunverulegum áhrifum á atvinnu og fjárfestingu utan höfuðborgarsvæðisins. Veruleg hækkun virðisaukaskatts á þessa starfsemi getur dregið úr uppbyggingu, seinkað frekari fjárfestingum og haft neikvæð áhrif á heilsársrekstur og störf í þeim byggðarlögum sem mest reiða sig á ferðaþjónustu.

SSNE skorar því á ríkisstjórn og Alþingi að endurskoða fyrirhugaðar breytingar og tryggja að skattastefna ríkisins styðji við áframhaldandi uppbyggingu verðmætra starfa og sjálfbærrar ferðaþjónustu um land allt, þar á meðal á Norðurlandi eystra.